

FÍB rekur hjálparþjónustu fyrir Sjóvá Vegaaðstoð og sér um aðstoðina. Þjónustan er bundin við skipulagt þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu.

SKILMÁLAR ÞJÓNUSTU SJÓVÁ VEGAAÐSTOÐAR

Þjónustan er bundin við skipulagt þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. innan bæjarmarka Álfтанess, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarnessbæjar. Skipulagt þéttbýli í/á Reykjanesbæ, Garði, Sandgerði, Vogum, Höfnum, Hveragerði, Selfossi, Hellu, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri, Vestmannaeyjum, Laugarvatni, Borgarnesi, Akranesi, Hólmavík, Ólafsvík, Hellissandi, Rífi, Búðardal, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Ólafsfirði, Dalvík, Siglufirði, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Vopnafirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Neskaupstað, Höfn. Nánari upplýsingar um þjónustusvæðið er að finna <http://kort.sjova.is>.

Þjónusta FÍB verður án endurgjalds **fyrir viðskiptavinum í Stofni** samkvæmt eftirfarandi skilmála.

1. Innifalinn í Sjóvá Vegaaðstoð er eftirfarandi þjónusta:

- Rafgeymavandræði, start gefið með kapli.
- Ef bíll er eldsneytislaus, kemur þjónustubíll með eldsneytisbrúsa og setur á bíl (5 l.), viðskiptavinur greiðir eingöngu eldsneytið.
- Sprungið dekk. Aðstoð við að setja varadekk undir.
- Mat á ástandi bílsins. Ef ekki er hægt að laga bílinn á staðnum hringir FÍB aðstoð á dráttarbíll ef viðskiptavinur óskar þess. Viðskiptavinur greiðir kostnað sem fellur til vegna dráttarbíls.

2. Allir viðskiptavinir í Stofni geta nýtt sér þjónustu Vegaaðstoðar Sjóvá, með eðlilegu tilliti til veðurs og færðar. Gefa þarf upp kennitölu þess sem skráður er fyrir Stofni og gildir aðstoðin fyrir alla með sama lögheimili og váttryggingartaki. Aðstoðin miðast við að ökutækið sé á bílastæði, götu eða vegi en ekki á stað þar sem akstur er óheimill, í vatni, foraði eða öðrum vegleysum. Hver viðskiptavinur á rétt á að fá 3 aðstoðir á ári án endurgjalds.

3. Veitt er aðstoð vegna einkabifreiða innan þessara stærðarmarka:

- Farartæki allt að 3.500 kílóum í heildarþyngd.
- Heildarbreidd 2.3 metrar.
- Heildarlengd (á vélknúnum farartækjum) allt að 5.5 metrar.
- Dekkjastærð allt að 33".

4. Sjóvá Vegaaðstoð sinnir fyrst og fremst bráðatilvikum (sbr. þjónustuuptalningu). Ætlast er til að viðskiptavinur viðhaldi ökutæki sínu á viðeigandi og fullnægjandi hátt. Sjóvá Vegaaðstoð nær ekki til tjónaaðstoðar nema þegar um er að ræða árekstur á höfuðborgarsvæðinu. Sú þjónusta er veitt á þjónustutíma Aðstoðar og öryggis (www.arekstur.is). Við bendum viðskiptavinum okkar á að hafa samband við okkur í síma 440 2000 vegna tjóna og í neyðartilvikum má hafa samband við tjónavakt Sjóvá í síma 800 7112.

5. Ef viðskiptavinur telst misnota þjónustuna áskilur Sjóvá sér rétt til að neita honum um frekari þjónustu Sjóvá Vegaaðstoðar.

6. Öll nætúr og helgaraðstoð innan ramma þessara skilmála miðast við bráðatilvik og neyð. Sími Sjóvá Vegaaðstoðar er 440-2222 og hægt að ná sambandi allan sólarhringinn.

7. Sjóvá Vegaaðstoð mun ekki veita þjónustu sem fellur til vegna þess að varahjólbarði er ekki til staðar eða ekki í lagi.